

1. Bogfimiþing Bogfimisambands Íslands



**bogfimisamband
íslands**

*13. mars 2021
Íþróttamiðstöðin í Laugardal
Reykjavík*

1. Þingsetning

Guðmundur Örn Guðjónsson formaður Bogfimisambands Íslands bauð þingfulltrúa og gesti velkomna á fyrsta bogfimiþing og sagði að liðið ár hafi verið mjög áhugavert fyrsta ár fyrir nýtt samband.

Að lokum setti formaður þingið.

2. Kosning þingforseta

Gerð var tillaga um Valdimar Leó Friðriksson til þingforseta.

Tillagan var samþykkt af þingfulltrúum með lófaklappi. Þingforseti þakkaði fyrir traustið.

3. Þriggja manna kjörbréfanefnd kosin

Gerð var tillaga um Sveinbjörgu Rósu Sumarliðadóttir, Alfreð Birgisson og Kristján Guðna Sigurðsson.

Þingforseti spurði eftir fleiri tillögum en engar voru lagðar fram. Kjörbréfanefnd var því sjálfkjörin með lófaklappi þinggesta.

Þingforseti bað kjörbréfanefnd um að taka til starfa og Alfreð Birgisson um að leiða nefndina.

4. Kosning þingritara

Gerð var tillaga um Ásdísi Lilju Hafþórsdóttur ritara Bogfimisambands Íslands.

Þingforseti spurði eftir fleiri tillögum en engar voru lagðar fram. Þingritari var því sjálfkjörin.

Þingforseti bað þingritara um að taka til starfa.

5. Ávarp Gesta

Þingforseti frestar dagskrálið ávarpi gesta til að gefa gestum færi á að hlusta á skýrslu stjórnar, formann og gjaldkera um stöðu mála fyrir ávarp sitt.

6. Niðurstaða kjörbréfanefndar

Alfreð kynnir niðurstöðu kjörbréfanefndar. Nefndinni bárust sex kjörbréf með þrettán nöfnum.

Eftirfarandi sambandsaðilar áttu rétt á fulltrúum með atkvæðisrétt:

Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) Skotfélagið Skyttur	1 fulltrúi
Héraðssamband Strandamanna (HSS) Sundfélagið Grettir	1 fulltrúi
Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar Kjörbréf:	1 fulltrúi Kristján G. Sigurðsson (Mættur)
Héraðssamband Þingeyinga (HSP) Umf. Efling	1 fulltrúi
Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) Íþróttafélagið Akur Kjörbréf:	2 fulltrúar Alfreð Birgisson (Mættur) Izaar A. Þorsteinsson (Mættur)
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) Bogfimifélagið Hrói Höttur Kjörbréf:	2 fulltrúar Sveinn Stefánsson (Mættur) Helgi Kr. Guðbrandsson (Mættur)
Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) Íþróttafélagið Freyja Kjörbréf:	2 fulltrúar Örvar Már Jónsson (Mættur) Ásdís Lilja Hafþórsdóttir (Mætt)
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) Skotfélag Austurlands Kjörbréf:	1 fulltrúi Guðmundur Örn Guðjónsson (Mættur)
Skotíþróttafélagið Dreki	1 fulltrúi
Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK) Bogfimifélagið Boginn Kjörbréf:	5 fulltrúar Valgerður E. Hjaltested (Mætt) Albert Ólafsson (Mættur) Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir (Mætt) Ewa Anna Ploszaj (Mætt) Ingólfur Rafn Jónsson (Mættur)
Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) Ungmennafélagið Tindastóll	1 fulltrúi

Fyrirnefndir 13 fulltrúar (af 18) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt af nefndinni. Engar athugasemdir um afgreiðslu kjörbréfanefndar og er skoðunin samþykkt.

7. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Guðmundur Örn Guðjónsson formaður BFSÍ kynnti skýrslu stjórnar og fór almennt yfir störf sambandsins yfir það skrítna ár sem 2020 var og þau áhrif sem COVID hefur haft á starfið. Þrátt fyrir erfiðin á árinu var margt gott sem tókst að koma í verk – þá voru tveir starfsmenn ráðnir í samtals 100% starf; framkvæmdastjóri og íþróttastjóri, ný viðurkenning fyrir hvern bogamann og -konu fyrir hvern bogaflokk fyrir sig þar sem reyndist erfitt að velja einungis tvo úr íþróttinni sem íþróttamann og -konu ársins þegar mikill munur er á milli bogaflokka, námskeið og menntun bæði þjálfara og dómara er komið vel á leið á að verða í fjarfundarformi til að auðvelda ásókn, mikið af fréttageinum var skrifað á árinu, það bættist nýtt aðildarfélag við á árinu; Sundfélagið Grettir, og margt fleira. Þrátt fyrir faraldur þá lentu Íslandsmótin á lögðum og tókst því að halda þau án röskunar og voru ungmenni dugleg að taka titla sem bendir til bjartar framtíðar.

Þingforseti tilkynnti að eftir skoðun á fundarboðum að boðað hafi verið til þingsins á lögmætan hátt og bauð viðstöddum að bera upp athugasemdir. Engar athugasemdir berast og skoðast þingið löglegt.

8. Reikningar lagðir fram og kynntir

Albert Ólafsson gjaldkeri BFSÍ kynnti ársreikninga. Fór yfir tekjur sambandsins og nefndi að þó að það komi töluvert miklar tekjur frá ÍSÍ sem er mjög mikilvægt fyrir bogfimisambandið fékk sambandið ekki síður mikla aðstoð frá ÍSÍ, svo sem fjármálaleiðbeiningar og stuðning frá starfsmönnum, sem er ómetanlegt fyrir ungt samband. Sambandið er í flugtaki en covid setur einnig mark sitt á ársreikninginn.

Afkoma ársins var í hagnað sem getur verið villandi þar sem covid gerði að verkum að áætluð útgjöld féllu niður og ekki var hægt að gera allt það sem hafði verið til stefnu. Gefur þetta sambandinu þó gott veganesti í framtíðina og mun sambandið því hafa svigrúm til að gefa í og gera góða hluti þegar covid lýkur loks.

Minnist á að ekki var stofnaður bankareikningur fyrr en 11. Febrúar, þó sambandið hafi verið stofnað 1. Desember 2019 því erfiðlega gekk að fá kennitölu og því tók tíma að stofna reikning.

Skoðunarmönnum reikninga, Gunnari Bragasygni og Lilju Sigurðardóttur, sem og ÍSÍ er svo þakkað sérstaklega fyrir í lokin.

9. Umræður og samþykkt reikninga

Þingforseti opnaði fyrir umræður um reikninga og spurningar til gjaldkera. Engar umræður eða spurningar bárust og voru reikningar samþykktir samhljóða.

10. Ávarp gesta

Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands ávarpaði þingið. Flytur kveðjur frá forseta ÍSÍ, Lárus L. Blöndal, framkvæmdastjórn ÍSÍ, framkvæmdastjóra ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttur, og starfsfólks ÍSÍ, þakkar fyrir samstarf á liðnu ári og óskar til hamingju með fyrsta starfsár og fyrsta þing eftir stofnþing. Lýsir yfir ánægju á að sjá að sambandið hafi farið vel af stað þrátt fyrir hraðahindrun síðasta árs.

Síðasta ár hafi ekki einungis verið þrándur í götu bogfimisambandsins heldur fyrir íþróttastarfið í heild sinni. Ef það er eitthvað sem við höfum lært þá sé það þörfin á bættu upplýsingaflæði og þann upplýsingabanka sem liggur inni hjá ÍSÍ til þess að geta átt í nauðsynlegum viðræðum við stjórnvöld þegar að staða eins og þessi sem kom upp á síðasta ári vegna covid kemur upp. Fjarfundir ÍSÍ með sambandsaðilum er líka nýjung og hefur tekist merkilega vel að miðla skilaboðum og upplýsingum út í hreyfinguna sem nauðsynleg voru fyrir stöðuna að hverju sinni.

Sá árangur og stuðningur frá stjórnvöldum sem náðist hafi komið skemmtilega á óvart og besta leiðin til að sýna þakklæti í verki sé að efla starfið enn frekar og horfa keik til framtíðar.

Hafsteinn óskar sambandinu til hamingju með reikningana og uppgjörið en undirstrikar mikilvægi þess að að hafa digra sjóði svo hægt sé að ráðast í skemmtileg og spennandi verkefni sem upp geta komið og þá þurfi ekki á að bregða á lánstökur. Eins mikilvægi þess að standa vörð um þau ágætu fyrirtæki hreyfingarinnar eins og getsþánna og mikilvægi þeirra tekna sem koma frá þeim.

Að lokum segir Hafsteinn að framundan sé spennandi ár, og óskar sambandinu góðs bogfimiárs og hvetur til enn frekari eflingar á bogfimistarfinu.

11. Fjárhagsáætlun lögð fram og borin undir atkvæði

Albert Ólafsson gjaldkeri BFSÍ kynnti fjárhagsáætlun.

Segir að tölur 2020 gefa í raun ekki mynd af heilu ári vegna þeirra breyta sem rætt var um við kynningu ársreikninga og að áætlun fyrir árið 2021 sýni heildstæðari tölur eins og varðandi heildarkostnað launa. Enn er gert ráð fyrir minni þátttöku á erlendum mótum árið 2021 en hefði verið hægt að telja til venjulegs árs þar sem mótum hefur enn verið frestað og jafnvel aflýst sökum faraldurs.

Þingforseti bauð til umræðna um fjárhagsáætlun. Enginn kvað sér hljóðs og var fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

12. Lagabreytingartillögur, umræða og atkvæðagreiðsla

Engar lagatillögur liggja fyrir og því var farið beint í næsta dagskrárlið.

13. Aðrar tillögur kynntar í fundarboði, umræða og atkvæðagreiðsla

13.1. Afreksstefna kynnt og lögð fyrir til samþykktar

Guðmundur Örn Guðjónsson formaður og íþróttastjóri BFSÍ kynnti afreksstefnu.

Afreksstefnan er keimlík þeirri stefnu sem sett var við stofnþingið en nokkrum liðum var breytt eins og tímabili stefnunnar sem er nú sett til átta ára og að stefna að því að gerast að b-afrekssambandi eða að minnsta kosti ná þeim skilgreiningum. Til þess að geta sótt um í Afrekssjóð ÍSÍ er BFSÍ skyldugt til að hafa afreksstefnu og að hún fari eftir ákveðnu formi og Afrekssvið ÍSÍ hefur aðstoða mikið við gerð stefnunnar með ráðum og úttekt stefnunnar. Guðmundur fór síðan yfir afreksstefnuna í heild sinni og fjallaði stutt um hvern lið stefnunnar og þau markmið sem sett eru upp í henni.

Þingforseti bauð til umræðna og athugasemda um afreksstefnuna. Enginn kvað sér hljóðs og var afreksstefnan samþykkt samhljóða.

13.2. Aðgerðaráætlun kynnt

Guðmundur Örn Guðjónsson formaður og íþróttastjóri BFSÍ kynnti aðgerðaráætlun.

Aðgerðaráætlun er sett upp til fjögurra ára og er í rauninni þau verkefni sem þarf að taka fyrir til að ná þeim marmiðum sem sett eru fyrir í afreksstefnunni. Felst meðal annars í aðgerðum til að auka sýnileika BFSÍ, styðja aðildarfélögin við aðgengi að íþróttinni og aðstoða við stofnun nýrra aðildafélaga.

Meðal langtímamarkmiða í aðgerðaráætlun er að halda NUM á Íslandi og/eða endurvekja hald Norðurlandameistaramóta í opnum flokki.

Þingforseti bauð til umræðna og athugasemda um aðgerðaráætlun. Enginn kvað sér hljóðs og var þá farið í næsta dagskrárlið.

13.3. Heildarstefna kynnt

Albert Ólafsson gjaldkeri BFSÍ kynnti heildarstefnu.

Heildarstefnan er sett upp eftir fyrirmynd heimssambandsins World Archery og er markmiðið að auka útbreiðslu og þar með auka aðgengi almennings að bogfimi út um allt land svo að fólk geti kynnst bogfimi.

Eins er mikilvægt að bjóða upp á þjónustu við aðildarfélög og iðkendur þeirra þar sem gott samband byggist á sterkum félögum.

Við erum ungt samband og þurfum að þróa uppbyggingu og skipulag á meðan við erum að koma sambandinu á koppinn.

Samhengi á milli stefnunnar og þeirra stefnumála sem stjórnin vill starfa eftir og síðan laga hana um sambandið. Heildarstefnan er yfirskjal yfir alla starfsemi sambandsins sem stjórnin væri að starfa eftir til að auka gagnsæi um verkefni sambandsins.

Við gerð stefnunnar var horft til annarra sambanda sem dæmi er danska sambandið er með mjög flotta heildarstefnu sem var sérstaklega horft til. Væntanlega mun stefnan þróast í áranna rás og mun stefnan verða nákvæmra miðað við hversu víðtæk hún er nú.

Þingforseti bauð til umræðna og athugasemda um heildarstefnu. Engar athugasemdir bárust og lagði þingforseti til stutts þinghlés áður en haldið væri í næsta dagskrárlið.

Þinghlé

14. Tillögur og önnur mál lögð fyrir þingið með þingmeirihluta, umræða og atkvæðagreiðsla

Enginn kvað sér hljóðs og var þá farið beint í næsta dagskrárlið.

15. Kosningar

15.1. Stjórn:

15.1.1. Formaður til tveggja ára

Framboð sem bárust fyrir tilsettan tíma voru:

Guðmundur Örn Guðjónsson

Guðmundur Örn Guðjónsson var sjálfkjörinn til formanns Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þinggesta.

15.1.2. Tveir stjórnarmenn til fjögurra ára

Framboð sem bárust fyrir tilsettan tíma voru:

Albert Ólafsson

Haraldur Gústafsson

Albert og Haraldur voru sjálfkjörnir til stjórnar Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þinggesta.

15.1.3. Varamenn til tveggja ára

Framboð sem bárust voru:

1. Oliver Ormar Ingvarsson

2. Alfreð Birgisson

3. Sveinn Stefánsson

Varamenn voru sjálfkjörnir með lófaklappi þinggesta.

15.2. Tveir skoðunarmenn reikninga

Gerð var tillaga um:

Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ

Ólafur Gíslason

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir með lófaklappi þinggesta.

Þingforseti þakkaði kærlega fyrir sig og þakkaði fyrir þátttöku á þinginu.

16. Þingslit

Guðmundur þakkaði þinggestum fyrir komuna og sleit þinginu.